

## Greinagerð við seinni umræðu um ársreikning Bláskógabyggðar 2025

Ársreikningur Bláskógabyggðar fyrir árið 2025 er lagður fram til seinni umræðu þann 13. maí 2026.

Rekstur sveitarfélagsins skilaði jákvæðri niðurstöðu á árinu, bæði í A-hluta og í samanteknum A- og B-hluta. Rekstrarniðurstaða A-hluta var jákvæð um 162 m.kr. og rekstrarniðurstaða A- og B-hluta var jákvæð um 330 m.kr.

### Helstu lykiltölur 2025

Lykiltala	A-hluti	A- og B-hluti
Rekstrartekjur	2.923 m.kr.	3.357 m.kr.
Rekstrarniðurstaða	162 m.kr.	330 m.kr.
Heildareignir	4.627 m.kr.	4.723 m.kr.
Eigið fé	1.729 m.kr.	2.300 m.kr.
Veltufé frá rekstri	295 m.kr.	449 m.kr.
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	423 m.kr.	601 m.kr.
Skuldaviðmið	56%	48%

Íbúafjöldi 1. Janúar 2026 var 1.453 og er það um 6,7% fjölgun frá fyrra ári eða um 91 íbúa.

Tekjur jukust milli ára. Rekstrartekjur A-hluta hækkuðu úr 2.680 m.kr. árið 2024 í 2.923 m.kr. árið 2025, eða um rúmlega 9%. Í A- og B-hluta hækkuðu tekjur úr 3.006 m.kr. í 3.357 m.kr., sem jafngildir tæplega 12% hækkun. Tekjuaukningin skýrist einkum af hærri útsvars- og fasteignaskattstekjum, auk hækkunar framlaga úr Jöfnunarsjóði.

### Umfangsmesti málaflokkurinn

Stærsti málaflokkur sveitarfélagsins er fræðslu- og uppeldismál. Kostnaður málaflokksins í A-hluta nam 1.332 m.kr. árið 2025, sem jafngildir um 56,8% af skatttekjum Aðalsjóðs. Þetta er langstærsti útgjaldaliður sveitarfélagsins og vegur þýngst í rekstri A-hluta.

### Efnahagur og fjárfestingar

Heildareignir A- og B-hluta námu 4.723 m.kr. í árslok 2025 og hækkuðu úr 4.229 m.kr. árið áður. Eigið fé A- og B-hluta nam 2.300 m.kr. í árslok, samanborið við 1.856 m.kr. árið 2024. Eiginfjárstaða sveitarfélagsins styrktist því á árinu.

Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum nam 601 m.kr. í A- og B-hluta. Þar af voru fjárfestingar A-hluta 423 m.kr. Helstu fjárfestingar ársins voru:

- **Íþróttamannvirki:** 230 m.kr.
- **Leikskóli:** 42 m.kr.
- **Gatnagerð og göngustígar, framkvæmdakostnaður:** 73 m.kr.
- **Bláskógaveita:** 143 m.kr.
- **Fráveituframkvæmdir:** 49 m.kr.

Á móti fjárfestingu í gatnagerð komu gatnagerðargjöld að fjárhæð 102 m.kr.

### **Skuldaviðmið og íbúapróun**

Skuldaviðmið sveitarfélagsins var 56% hjá A-hluta og 48% hjá A- og B-hluta árið 2025. Viðmiðið lækkar frá fyrra ári, þegar það var 60% hjá A-hluta og 54% hjá A- og B-hluta. Skuldaviðmið sveitarfélagsins er því vel undir lögbundnu 150% hámarki sveitarstjórnarlaga.

Íbúum Bláskógabyggðar fjölgaði á milli ára. Íbúafjöldi 1. janúar 2026 var 1.453 samanborið við 1.362 árið áður. Fjölgunin nemur 91 íbúa, eða um 6,7%.

### **Skipting starfsemi sveitarfélagsins í A- og B-hluta**

Til A-hluta telst sú starfsemi sem er að hluta eða öllu leyti fjármögnuð með skatttekjum. Í A-hluta Bláskógabyggðar eru Aðalsjóður, Eignasjóður, Þjónustustöð og hlutdeild sveitarfélagsins í samstarfsverkefnum (Berggrísinn bs., Brunavarnir Árnessýslu bs., Umhverfis og tæknisvið uppsveita bs. og Skóla- og velferðarþjónusta Árnes bs.).

Til B-hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki í eigu sveitarfélagsins sem eru að meginstofni fjármögnuð með þjónustutekjum. Í B-hluta eru Vatnsveita, Bláskógaveita, Leiguíbúðir, Félagslegar íbúðir, Bláskógaljós og Fráveita.

### **Samantekt**

Niðurstaða ársins 2025 er jákvæð og rekstur sveitarfélagsins styrkist milli ára. Tekjur hækka, rekstrarniðurstaða batnar og eiginfjárstaða styrkist. Fjárfestingar ársins eru verulegar, einkum í íþróttamannvirkjum, veitukerfum og innviðum. Fræðslu- og uppeldismál eru áfram langumfangsmesti málaflokkurinn í rekstri sveitarfélagsins. Ársreikningurinn sýnir því almennt sterka rekstrarafkomu og aukna fjárfestingu í innviðum, samhliða hækkun eigna og eigin fjár. Skuldaviðmið helst lágt og undir lögbundnum mörkum og fjölgun íbúa styður við vöxt sveitarfélagsins.